

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Úkraínu nr. 281/2014, ásamt síðari breytingum.

1. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi töluliðir skulu bætast við 2. gr. reglugerðar um þvingunaraðgerðir varðandi Úkraínu nr. 281/2014:

- 3.16 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2016/1671 frá 15. september 2016 um breyting á ákvörðun 2014/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 3.16.
- 4.19 Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1661 frá 15. september 2016 um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 4.19.
- 7.5 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2016/1071 frá 1. júlí 2016 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu, sbr. fylgiskjal 7.5.

Töluliður 5.3 í 2. gr. hljóði svo:

- 5.3 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2016/982 frá 17. júní 2016 um breytingu á ákvörðun 2014/386/SSUÖ um þvingunaraðgerðir vegna ólögleggrar innlimunar Kríms og Sevastopol, sbr. fylgiskjal 5.3.

2. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 4. og 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008, öðlast þegar gildi.

Utánríkisráðuneytinu, 30. október 2016.

Lilja Dögg Alfreðsdóttir.

Stefán Haukur Jóhannesson.

Fylgiskjal 3.16.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS 2016/1671/SSUÖ

frá 15. september 2016

um breyting á ákvörðun 2014/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu.

Ákvörðun 2014/145/SSUÖ er breytt sem hér segir:

- 1) 2. mgr. 6. gr. hljóði svo: Þessi ákvörðun skal gilda til 15. mars. 2017.
- 2) Viðaukinn breytist í samræmi við viðaukann við ákvörðun þessa.

(Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32016D1671>.

Fylgiskjal 4.18.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ (ESB) 2016/1661

frá 15. september 2016

um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu.

I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 269/2014 er breytt í samræmi við viðaukann við reglugerð þessa.

(Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32016R1661>.

Fylgiskjal 5.3.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2016/982

frá 17. júní 2016

um breytingu á ákvörðun 2014/386/SSUÖ um þvingunaraðgerðir vegna ólöglegar innlimunar Kríms og Sevastopol

2. mgr. 5. gr. ákvörðunar 2014/386/SSUÖ hljóði svo:

Þessi ákvörðun skal gilda til 23. júní 2017. (Efnisútdráttur).

Fylgiskjal 7.5.

**Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2016/1071
frá 1. júlí 2016
um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir
í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu**

Fyrsta undirgrein 1. mgr. 9. gr. ákvörðunar 2014/512/SSUÖ hljóði svo:

1. Þessi ákvörðun skal gilda til 31. janúar 2017. (Efnisútdráttur).

B-deild – Útgáfud.: 18. nóvember 2016